

Súlur Reykjavík ehf.

Skipulagsráð Kópavogs

Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Reykjavík 25. nóvember 2024

Fyrirspurn varðandi Urðarhvarf 16 – hjúkrunarþjónusta

Súlur Reykjavík ehf., kt. 681122-0950, lóðarhafi, samkvæmt þinglýstum kaupsamningi um Urðarhvarf 16, Kópavogi, óskar eftir því að Skipulagsráð Kópavogs svari fyrirspurn varðandi hvort fyrirhuguð starfsemi samræmist gildandi deiliskipulagi.

Forsaga málsins er sú að Framkvæmdasýslan/Ríkiseignir (FSRE) auglýsti eftir "*húsnæði fyrir 60-120 dvalarrými fyrir almenna líknarþjónustu, bráðainnlögn til skamms tíma, biðrými fyrir einstaklinga með fægni og heilsumat sem bíða eftir hjúkrunarrýmum og aðra óskilgreinda sólarhrings hjúkrunarþjónustu.*"

Í framhaldinu hóf Heilsuvernd ehf. og Súlur Reykjavík ehf. leit að hentugu húsnæði sem gæti fallið að þessari starfsemi og hefur verður gerður leigusamningur til 20 ára á milli Súlna Reykjavík ehf. og FSRE með fulltingi Heilbrigðis- og Fjármálaráðuneytisins um 100 slík rými í Urðarhvarfi 16, Kópavogi.

Samkvæmt framangreindri auglýsingu FSRE og samkvæmt áætlun Heilbrigðisráðuneytisins verður ekki um að ræða hjúkrunarheimili samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 heldur skammtímaúrræði fyrir einstaklinga sem eru að bíða eftir vistun á hjúkrunarheimili og jafnframt stuðningur við einstaklinga sem eru að koma af sjúkrastofnunum en þurfa tímabundna þjónustu til að eiga möguleika á að komast aftur til síns heima. Þannig verður ekki um að ræða fasta búsetu með lögheimili eins og á við um hjúkrunarheimili. Fyrirhuguðu rekstrarformi í Urðarhvarfi 16 má líkja við sjúkra- /sjúklingahótel með sólarhrings hjúkrunar- og lækniþjónustu um styttri tíma.

Þeir aðilar sem að málinu koma telja að starfsemin sé í samræmi við ákvæði deiliskipulags á svæðinu og því sé ekki þörf á að hefja vinnu við breytingu deiliskipulags. Er óskað staðfestingar Skipulagsráðs á því að ekki sé þörf á að breyta deiliskipulagi og að ekkert sé því til fyrirstöðu að gefa út byggingarleyfi vegna þeirra breytinga sem gera þarf á húsnæðinu til að það uppfylli kröfur FSRE.

Virðingarfyllst,

F.h. Súlna Reykjavík ehf.



Bernhard Bogason

s: 8206033 bernhard@nordik.is

Fylgiskjal:

Kröfulýsing